

kærleiksríkan guð í öllum heimi, og í öðru lagi bcði sínu: vertu öðrum hjálplegur. Það er nú þegar komið í ljós í hinum frjálsu löndum heimsins, að sundurleitar kyrkjustofnanir geta verið sanitaka í góðum verkum til að auka velferð mannanna. Við-hald spítala, ókeypis lyfjabúða og líknarstofnana af fólk, sem tilheyrir allskonar trúflokkum, sameining allra kyrkna til að halda uppi fátækrahjálp í stórbæjunum, viðgangur "kristilegs félags ungra manna" og margar aðrar tilræunir til að mynda sambönd af skyldum kyrkjum til nytSAMARA framkvæmda, sanna allar gagnsemi víðtækraR samvinnu í góðum verkum. Ennfremur getur hin nýja trú ekki myndað nokkurra stétt, kyrkjulegan embættislyð eða þróngsýnan flokk grundvallaðan á helgisiðum. Á þessum grundvelli er ekki óskynsamlegt að hugsa sér að nýja trúin muni reynast sameinandi kraftur og mikill styrkur fyrrí lýðstjórn.

Hvort hún muni reynast eins áhrifamikil í því að aftra mönnum frá að gera rangt og hvetja þá til að gera hið rétta, og hin viðteknu trúarbrögð hafa verið, er spurning, sem reynzlan ein getur skorið úr. Með tilliti til þess hafa hvorki hótanir né loforð hinna eldri trúarbragða reynist mjög vel í mannfélaginu yfirleitt. Hræðslan við helvítí hefir ekki verið fullnægjandi til að aftra mönnum frá að gera rangt, og himnaríki hefir ekki ennþá verið lýst svo að það hafi haft mikil aðráttarafl fyrrí menn og konur yfirleitt. Bæði eru vissulega óhugsanleg. Miklir gáfunmenn, eins og Dante og Swedenborg, hafa framleitt aðeins fjarstæðulegar og ótrúlegar myndir af hvorum staðnum. Nútíðar maðurinn mundi ekki finna að hann hefði verulega tapað nokkurri hvöt til góðs, eða til að forðast ílt, þó himininn brynni og helvítí slökknæði. Hinar vanalegu kristnu hugmyndir um himnaríki og helvítí hafa ekki meiri áhrif á mentað fólk nú á dögum en Ólympus og Hades. Sál nútímans krefst hvata eða handleiðslu, sem hefir gildi nú þegar á þessari jörð. Nýja trúin byggir á verulegri reynzlu manna og kvenna, og mannfélagsins í heild sinni. HvatiRnar, sem hún reiðir sig á hafa verið, og eru, starfandi í lífi ótal margra manna; og hennar bles sunarríku hugsjónir og vonir eru betur grundvallaðar en þær sem í hinum